

# Fundur í nemendaráði 19. október 2020 kl. 8:20

Mættir: Íris, Freyja Kolfinna, Stefanía, Marteinn (nýr fulltrúi 6. bekkjar, Páll er hættur), Anton Teitur,

Hafþór og Berglind Ýr. Á fundinn vantaði Ólaf Vigni.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar og eftirfarandi rætt:

Erfitt og illframsæmanlegt að laga vatnssöfnun á körfuboltavelli. Það yrðu mjög kostnaðarsamar aðgerðir.

Vantar heitt vatn svo ekki er hægt að nýta snjóbræðslu á fótoltavelli.

Búið að laga net í körfuboltakörfum og á fótoltamörkum.

Ennþá vandræði með ávaxtastund hjá unglíngum.

2. Erindi frá umboðsmanni barna. Breyting á viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá grunnskóla. Tillaga Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um breytingar á viðmiðunarstundaskrá kynnt fyrir nemendaráði. Nemendaráð Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit vill koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri varðandi tillögur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um breytingar á viðmiðunarstundaskrá: Nemendaráði Heiðarskóla finnst mikilvægt að skólar hafi áfram sveigjanleikda í stundatöflu og að fjöldi kennslustunda í valgreinum verði óbreyttur þannig að nemendur fái áfram að sinna áhugamálum sem hluta af eigin námi í grunnskóla t.d. í áhugasviðsvali sem tíðkast í okkar skóla.
3. Önnur mál: Fyrirspurn um mót á milli samstarsfskólanna t.d. í körfu eða fótolta. Skólastjóri kannar það. Er hægt að mála þriggja stiga línur á körfuboltavöllinn? Skólastjóri kannar það.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:50.